

Vorönn 2020

## Kennsluáætlun

**Markmið áfangans:** Að kynnast kenningum um hvatir og atferliskveikjur, tilfinningar, streitu og kvíða. Fjalla um hugtökin geðheilsa, óæskileg hegðun, afbrigðileiki og geðsýki. Kynna sér flokkunarkerfi geðræns afbrigðileika og fjalla um réttmæti og deilur sem standa um slíka flokkun. Reynt verður að gefa gagnrýnið yfirlit um helstu hugmyndir um einkenni, þróun og orsakir sálrænna vandkvæða. Meðferðarform, þ.e. mismunandi aðferðir í sállækningum og atferlismeðferð, eru kynnt.

### Kennslubækur og önnur kennslugögn:

Atkinson, Atkinson og Hilgard: **Sálfræði 2** (kaflar 10, 11, 14, 15 og 16).

### Verkefnaskil:

1. Krossapróf í lok hvers kafla.
2. Verkefni (spurningar) í hverjum kafla unnin sjálfstætt eða tveir og tveir saman.

### Námsmat: Ekkert lokapróf

1. Krossapróf úr hverjum kafla 85%
2. Próf úr enskahluta 5%
3. Hópverkefni og mæting 10%
4. Munnleg greinargerð fyrir hópverkefni á fimmtudögum daginn fyrir próf. Þeir sem ekki komast á þeim tíma skila verkefnum skriflega áður en þeir fara í próf (skilyrði fyrir próftökurétti). Samviskusamleg vinna við verkefni og góð mæting geta hækkað nemanda um einn heilan í aðaleinkunn, jafnvel þótt bónusinn fyrir þá vinnu sé aldrei meiri en 0,3 (einkunn fyrir prófin upp á 7,2 hækkar um 0,3 og aðaleinkunn endar í 8).
5. Skrifleg kaflapróf (krossar/hringir) á föstudögum. Ef nemandi kemst ekki á þessum dögum skal hann láta vita með viku fyrirvara, ella skila inn læknisvottorði.
6. Þeir sem ná 8.0 á þremur fyrstu krossaprófunum eiga þess kost að ljúka önninni í næsta prófi. Þeir þurfa að taka öll fimm prófin, sleppa ekki við síðasta prófið.
7. Hámarksbónus í mætingaeinkunn er 0.3 fyrir fulla mætingu og góða stundvísi. Fyrir hverjar tvær fjarvistir (eða sex seinkomur) minnkar bónusinn um 0.1.
8. Prófsýnisdagur einungis á mánudögum, í næsta tíma eftir próf.

---

## Áætlun um yfirferð og kennslu á önninni:

Vika: 1-3. Þarfir og hvatir.  
4-6. Atferlisvakar og geðshræringar.  
7-9. Streita og hefting.  
10-12. Afbrigðasálfræði.  
13-15. Meðferðarform.  
15-16. Nokkrar blaðsíður á ensku.  
Próf: Í 3., 6., 9., 12., 15. og 16. viku.

---

## Athugasemdir og skýringar:

Með fyrirvara um breytingar.

---

F.Su. Selfossi, jan. 2020

Árni Blandon

---